

Fimmtudaginn 30. apríl 1987.

Nr. 113/1986.

**Marinó P. Sigurpálsson og
Sigurpáll Marinósson sjálfir
og vegna Feró s/f**

(Agnar Gústafsson hrl.)

gegn

**Bilasmíðjunni Kyndli h/f
og gagnsök**

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Verkkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. mars 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda gegn greiðslu á 30.300,00 krónum ásamt vöxtum að mati Hæstaréttar og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með töldum matskostnaði 7.496,00 krónum.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. apríl 1986. Hann krefst þess að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða 109.763,71 krónu auk 19% ársvaxta frá 1. júlí 1984 til 1. janúar 1985, 32% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., en síðan með mánaðarlegum dráttarvöxtum þannig: 4% til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á. og 2,25% frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi mátu hinir dómkvöddu matsmenn aukakostnað við málun bifreiðarinnar 16.000,00 krónur. Þessum lið matsins hefur ekki verið hnekkkt með yfirmati eða öðrum hætti. Þykir því eiga að leggja hann til grundvallar við úrlausn málsins. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þeim rökum sem greinir í forsendum hans. Upphafstíma vaxta og vaxtafæti hefur ekki verið mótmælt.

Samkvæmt framanrituðu ber að dæma aðaláfrýjendur til að

greiða gagnáfrýjanda 59.300,00 krónur með vöxtum eins og dómsorði.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður í báðum sökum.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Marinó P. Sigurpálsson og Sigurpáll Marinósson sín vegna og f.h. Feró s/f, greiði gagnáfrýjanda, Bíla-smiðjunni Kyndli h/f., 59.300,00 krónur með ársvöxtum þannig: 19% frá 1. júlí 1984 til 1. janúar 1985, 32% frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% frá þeim degi til 1. september s.á., 45% frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl 1986 og 27% frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. nóvember 1985.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 1. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Bílasmiðjunni Kyndli hf., nnr. 5588-4307, Stórhöfða 18, Reykjavík gegn Marinó P. Sigurpálssyni, nnr. 6476-9111, Steinaseli 6, Reykjavík og Sigurpáli Marinóssyni, nnr. 8037-2051 sama stað persónulega og f.h. sameignarfélags þeirra Feró sf., nnr. 2308-2160 með stefnu birtri 19. mars 1985.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu á kr. 109.763,71 auk 19% ársvaxta frá 1. júlí 1984 til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, en 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu gegn greiðslu á kr. 22.504,00 ásamt vöxtum að mati dómsins. Þá er þess krafist að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefndu málskostnað samkvæmt taxta LMFÍ.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir samkvæmt gögnum málsins, að í maímánuði 1984 tók stefnandi að sér að mála hús á vörubifreið stefndu, R-29290, en bifreið þessi hafði í nóvembermánuði 1983 verið til viðgerðar á bifreiðaverkstæði Árna Gíslasonar hf. eftir veltu, þar sem billinn var fullréttur og penslaður með grunni og lakki sbr. vottorðið á dómskjali nr. 9 í málinu. Er mál þetta risið út af reikningskröfu stefnanda, Bílasmiðjunnar Kyndils hf., fyrir verkið að fjárhæð kr. 109.763,71 samkvæmt reikningi á dómskjali nr. 3. Hafa stefndu neitað því að greiða reikning þennan sem þeir telja vera allt of háan.

Með bréfi lögmanns stefndu dags. 9. ágúst 1984 var þess farið á leit við yfirborgardómarann í Reykjavík, að dómkvaddir yrðu matsmenn til þess að meta hæfilegan kostnað við að mála hús bifreiðarinnar R-29290. Fór sú dómkvæðning fram á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 17. ágúst það ár. Matsgjörð hinna dómkvöddu matsmanna liggur fyrir í málinu sem dóm-skjal nr. 6 og er dags. 29. október 1984. Í niðurstöðu matsgerðar þessarar segir svo: „Kostnað við slípun, spörtlun og lökkun á samskonar bifreið telja matsmenn hæfilega metinn á kr. 43.300,00 og er þá miðað við að ekki sé um að ræða aukaverkefni sem krefjast vinnu umfram það sem venjulegt getur talist. Með vísun til þess sem fyrr er sagt, telja matsmenn að málunin á R-29290 hafi krafist aukinnar vinnu og efnisnotkunar sem sé hæfilega metið á kr. 16.000,00 og að þá hefði átt að nást viðunandi árangur.“

Á lakkinu eru hins vegar áferðargallar, einkum á hurðum og vinstra afturhorni sem telja verður afleiðingu á ónógrri undirvinnu.

Niðurstaða okkar er því sú að hæfileg greiðsla fyrir málunina á R-29290 sé kr. 59.300,00 enda væri árangur vinnunnar viðunandi og ástæðulaust fyrir eiganda að setja út á vinnugæði.“

Í máli þessu er ágreiningur með aðilum um það hvað hafi verið hæfilegt endurgjald fyrir það verk sem stefnandi innti af hendi vegna bifreiðar stefndu.

III.

Stefnandi, sem rekur bílréttinga- og málningarverkstæði í Reykjavík, byggir dómkröfur sínar á reikningi nr. 5408 er stefndu hafi verið gerður vegna viðgerðarvinnu dagana 6.5. - 26.5. 1984 og 6.6. - 7.6. 1984 við bifreiðina R-29290, sem er eign stefndu. Nánar tilgreint hafi verið unnið í 184 klst. við að taka af króm og bretti, stuðara og gangþrep ryðbætt, tekið af eldra fyllingarefni á hlið v/m og afturgafli og rétt aftur. Réttur toppur, gert við plastbretti, teknað út rúður og framstuðari réttur. Frágangur eftir málun og sandblástur. Verkpættir þessir hafi verið verðlagðir á kr. 41.768,00. Þá hafi hús bifreiðarinnar verið almálað svo og samstæða húss og gangþrepa og grill og hurðarföls pensluð. Þessi verkliður hafi tekið 112½ klst. á kr.

25.537,50. Við ofangreint hafi verið notað uppleysir, málningarefni, fylling, skífur og trefjaplast fyrir kr. 11.774,00. Trygging í 20 daga, klefa- og handverkfæragjald hafi numið kr. 8.558,00. Boltar, lím, bón, hreinsiefni og sandblástursvél í 11 klst. hafi kostað kr. 1.240,00. Við ofangreint hafi síðan bæst sölugjald 23½% kr. 20.886,21 og séu fjárhæðir samtals kr. 109.763,71 sem sé stefnufjárhæð máls þessa.

Stefandi byggir kröfu sína á almennum reglum kröfuréttarins.

Af hálfu stefnanda er tekið fram í greinargerð varðandi matsgjörð þá sem fram fór, að aðeins hafi verið metinn hluti verksins og niðurstöður matsmanna verið í samræmi við reikning stefnanda, hvað þann hluta verksins snerti. Stefnandi lýsi ítarlega í dómskjali nr. 4 hvað unnið hafi verið við bifreiðina R-29290, sbr. réttarskjal nr. 3. Sé það að mestu leyti staðfest við skoðun matsmanna sbr. réttarskjal nr. 7.

Stefndu byggja dómkröfur sínar á því, að reikningskrafta stefnanda fyrir að mála hús bifreiðar stefndu, R-29290, sé allt of há. Hafi reikningi stefnanda strax verið mótmælt og af hálfu stefndu látið fram fara mat á verkinu sbr. framlagða matsgerð. Samkvæmt matsgerðinni telji matsmenn að kostnaður við slípun, spörtlun og lökkun sé hæfilega metin á kr. 43.300,00. Frá þeirri fjárhæð telji stefndu að draga eigi bætur vegna galla á verkinu, sem stefndu meti hæfilega kr. 13.300,00. Auk þess eigi að draga frá dómkvaðningu matsmanna kr. 496,00, og reikning matsmanna kr. 7.000,00 þannig að eftir standi kr. 22.504,00, sem sé sú fjárhæð sem stefndu vilji greiða.

Því sé algerlega mótmælt af hálfu stefndu að nokkur aukaverk hafi verið nauðsynleg í sambandi við málun bifreiðarinnar. Það telji stefndu vera rangt. Megi í því sambandi vísa til vottorðs bifreiðaverkstæðis Árna Gíslasonar á dómskjali nr. 9, þar sem fram komi að billinn hafi verið fullréttur og tilbúinn til málunar. Aukavinna sú, sem fram komi í matsgerð, sé því reist á misskilningi matsmanna. Mótmælt sé þeirri staðhæfingu, sem fram komi í matsgerð, að rétt lakk hafi ekki verið notað.

Af hálfu aðila hafa komið fyrir dóminn og gefið skýrslu Kristinn Ó. Kristinsson forstjóri stefnanda og Marinó Pétur Sigurpálsson, framkvæmdastjóri hjá stefndu. Þá hafa gefið skýrslur fyrir dómi vitnin Hermann Jóhannesson og Haraldur Þórðarson, Árni Gíslason, Sigurður Bergmann Jónasson, Jónas Gunnarsson, Lárus Haukur Jónsson og Viðar Marinósson.

Dómendur skoðuðu bifreiðina R-29290 ásamt forsvarsmönnum aðila og lögmönnum þeirra.

IV.

Svo sem fram er komið tók stefnandi að sér að mála, með tilheyrandi undirvinnu, hús á vörubifreið stefndu R-29290, sem er Scania Vabis árgerð

1972. Verk þetta var unnið dagana 6. - 26. maí 1984 og 6. - 7. júní 1984 og er ágreiningur með aðilum út af reikningskröfu stefnanda fyrir verkið, samtals að fjárhæð kr. 109.763,71. Hafa stefndu mótmælt reikningi þessum sem allt of háum og krafist sýknu af kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 22.504,00. Er sú fjárhæð grundvölluð á framlagðri matsgjörð dómkvaddra matsmanna um málingarkostnað að fjárhæð kr. 43.300,00, en að frádregnum bótum vegna galla á verkinu, sem stefndu áætla kr. 13.300,00 og að frádregnum matskostnaði að fjárhæð kr. 7.496,00, svo sem fyrr er rakið.

Verður nú fjallað um reikningskröfu stefnanda.

Að mati hinna sérfróðu meðdómsmanna þykir hæfilegt að til grundvallar málingarvinnu í verki þessu verði lögð fjárhæð matsgjörðar, kr. 43.300,00. Sé tekið tillit til þeirrar réttingar- og undirbúningsvinnu, sem áður hafði farið fram á bifreiðinni og unnin var á bifreiðaverkstæði Árna Gíslasonar, sbr. dómskj. nr. 9 og 13 í málinu, verður að telja vinnustundir þær, sem stefnandi reiknar sér að öðru leyti, verulega oftaldar. Telja hinir sérfróðu meðdómsmenn að hæfilegt sé að reikna með 58 vinnustundum alls fyrir krómvinnu, réttingu og ryðbætingu, og er þá litið til þess að um endurtekna fyllingarvinnu að einhverju leyti hafi verið að ræða. Rétt þykir í þessu efni að miða tímakaup útseldrar vinnu við kr. 227,00 svo sem stefnandi reiknar sér, sem og hefur ekki sætt sérstökum andmælum af hálfu stefndu. Reikningsfjárhæðir og vinnustundafjöldi sundurliðast nánar þannig skv. framan-sögðu:

Réttingarvinna 20 klst.

Krómvinnan 20 klst.

Ryðbæting 18 klst.	58 klst. á kr. 227,00	kr.	13.166,00
	verkfæragjald	“	2.320,00
	trygging	“	400,00
	gas, pappír o.fl.	“	900,00
		kr.	16.786,00
	söluskattur 23,5%	“	3.945,00
		alls kr.	20.731,00
	málun skv. mati	“	43.300,00
	Samtals	kr.	64.031,00

Sé litið til þess að áferðargallar þeir sem á bifreiðinni eru verða að teljast óverulegir, svo þess að hér er um að ræða vörubifreið af árgerð 1972, sem notuð er við ýmiskonar þungavinnu og flutninga, verður ekki talin ástæða til að lækka framangreinda fjárhæð af þeim sökum. Að því er varðar kröfu

stefndu til greiðslu matskostnaðar telst hann vera hluti málskostnaðar, sbr. 5. tl. 175. gr. laga nr. 8/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að dæma ber stefndu in solidum til að greiða stefnanda kr. 64.031,00 og með vöxtum eins og krafist er til 1. júní 1985, en frá þeim degi reiknast 3,5% dráttarvextir á mánuði til 1. september 1985, en 3,75% dráttarvextir á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson borgardómari og meðdómendurnir Guðjón Á. Sigurðsson bílamálari og Kristján G. Tryggvason bifvéla-virkjameistari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Marinó P. Sigurpálsson, Sigurpáll Marinósson, persónulega og f.h. Feró sf., greiði stefnanda, Bílasmiðjunni Kyndli hf., kr. 64.031,00 með 19% ársvöxtum frá 1. júlí 1984 til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 4. maí 1987.

Nr. 58/1987. **Sigurður Gíslason**

gegn

Jóni Ingvari Pálssyni og

Þorkeli Jóhanni Pálssyni persónulega

og f.h. Sameignarfélagsins Pálssynir sf.

Útivistardómur

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Gíslason, er eigi sækir dómþing í máli þessu,